



Aðalfundur Íslandsbanka hf.

31. mars 2025

Aðalfundur Íslandsbanka hf. var haldinn í fundarsalnum Háteig á Hótel Reykjavík Grand, Sigtúni 28, 105 Reykjavík, mánudaginn 31. mars. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fór eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fór fram á íslensku en boðið var uppá túlkapjónustu á ensku.

Setning fundar

Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður Íslandsbanka, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna á aðalfund bankans árið 2025.

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Linda Jónsdóttir stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Áslaug Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri. Aðrar tillögur komu ekki fram og tók Áslaug til starfa. Áslaug gerði að tillögu sinni að Dagmar Clausen Þórðardóttir, forstöðumaður lögfræðisviði Íslandsbanka, yrði kosin fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og tók Dagmar til starfa.

b) Lögmæti fundar

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd boðunar fundarins. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu. Þann 7. mars sl. birtist auglýsing um fundinn í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans og þann 8. mars s.l. í Morgunblaðinu. Var fyrirvari á boðun fundarins nægilegur, í samræmi við ákvæði 88. gr. a í lögum um hlutafélög og samþykktir bankans. Tillögur þær sem eru til umfjöllunar á fundinum voru einnig birtar í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan til að fjalla um og afgreiða þau málefni sem eru á dagskrá hans. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að upplýsingar um mætingu á fundinn yrðu veittar áður en gengið yrði til fyrstu atkvæðagreiðslu.

c) Fyrirkomulag fundar og atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri fór stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, hægt sé að taka þátt í fundinum bæði rafrænt og með því að mæta á fundarstað. Atkvæðagreiðsla verði rafræn og fari einungis fram gegnum kerfi Lumi. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á að senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti gegnum kerfið. Einnig gerði fundarstjóri grein fyrir því að mögulegt sé fyrir þá sem mættir eru á fundarstað að óska eftir því að taka máls undir einstökum liðum með því að gefa merki þegar fundarstjóri býður upp á það.



Fundarstjóri greindi frá því að í samræmi við 4. mgr. 84. gr. hlutafélagalaga hafi stjórn bankans gert stutta samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði og hún sé aðgengileg á vef bankans.

Dagskrá:

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár;
2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið rekstrarár;
3. Ákvörðun um greiðslu arðs;
4. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar;
5. Kosning endurskoðanda;
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar;
7. Tillaga um breytingar á starfskjarastefnu bankans;
8. Tillaga um lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins;
9. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum bankans;
10. Ákvörðun um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans;
11. Kosning tveggja nefndarmanna og eins varamanns tilnefningarnefndar bankans;
12. Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans;
13. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði til að liðir 1 og 2 á dagskránni, skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðasta starfsár, verði teknir til umræðu saman eftir kynningu á bæði skýrslu stjórnar og ársreikningi.

Engar athugasemdir komu fram og taldist tillagan því samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár

Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður bankans, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starfsemi bankans á árinu 2024.

2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið rekstrarár

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka, gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2024.



Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga. Enginn tók til máls.

Gerði fundarstjóri grein fyrir því að á fundinn sé mætt er fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 1.458.317.999 króna eða sem samsvarar 72.92% af heildarhlutafé bankans.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar til fundarins:

Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans og samstæðureikningur vegna ársins 2024 verði samþykktir.

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar bankans til fundarins:

Stjórn bankans leggur til að 12,1 milljarðar króna af hagnaði ársins 2024 verði greiddir í arð til hluthafa, þ.e. eigenda þeirra hlutabréfa sem ekki eru í eigu Íslandsbanka á aðalfundardegi. Greiðslan samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2024 og er í samræmi við langtímastefnu bankans um u.þ.b. 50% arðgreiðsluhlutfall. Stjórn bankans getur boðað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára eða endurkaup á eigin bréfum kann að vera lögð fram.

Verði tillagan samþykkt verður arðleysisdagur (e. Ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs 1. apríl 2025. Arðsréttindadagur (e. Record date) verður 2. apríl 2025. Hluthafar sem eru tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Útborgunardagur (e. Payment date) verður 10. apríl 2025.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

4. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt lögum og samþykktum bankans bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans til eins árs í senn og hún skyldi skipuð sjö mönnum og tveimur til vara. Jafnframt skuli kjósa formann stjórnar sérstaklega á aðalfundi.

Tilnefningarnefnd bankans hafi óskað eftir framboðum til stjórnar og sá frestur hafi runnið út kl. 16:00 þann 17. febrúar 2025. Almennur framboðsfrestur hafi runnið út klukkan 16:00 þann 26. mars 2025 og frekari framboð hafi ekki borist. Í skýrslu nefndarinnar sem birt hafi verið á heimasíðu bankans og í upplýsingakerfi Nasdaq Iceland þann 7. mars 2025 hafi nefndin gert grein fyrir tilnefningum sínum og tilhögun starfa sinna í aðdraganda aðalfundarins.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka hafi lagt til óbreytta stjórn:

- Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður
- Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður



- Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarmaður
- Linda Jónsdóttir, stjórnarmaður
- Stefán Pétursson, stjórnarmaður
- Stefán Sigurðsson, stjórnarmaður
- Valgerður Hrund Skúladóttir, stjórnarmaður

Jafnframt hafi tilnefningarnefnd lagt til að Linda Jónsdóttir verði endurkjörin formaður stjórnar og Herdís Gunnarsdóttir og Páll Grétar Steingrímsson verði endurkjörin í varastjórn.

Fundarstjóri greindi frá því að þar sem ekki hafa komið fram önnur framboð teljist þessir aðilar réttkjörnir í aðalstjórn bankans, sem formaður stjórnar og í varastjórn.

5. Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri bar upp svohljóðandi tillögu stjórnar bankans um kosningu endurskoðunarfélags:

Stjórn leggur til að aðalfundur samþykki að KPMG ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag bankans..

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu stjórnar bankans um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar:

Stjórn leggur til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 539.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 941.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 668.000 á mánuði. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sitja umfram 12 fundi fram að næsta aðalfundi félagsins. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu auk þess fá greiddar kr. 300.000 fyrir hvern stjórnarfund sem þeir sækja í eigin persónu.

Því til viðbótar skuli greiða stjórnarmönnum kr. 267.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fái formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 60.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í stjórn verði kr. 534.000 fyrir starfsárið, auk kr. 267.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat en þó aldrei hærra en laun aðalmanns innan hvers mánaðar. Þá verði þóknun utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd kr. 393.000 á mánuði.

Þóknun stjórnarmanna vegna starfa í undirnefndum tekur mið af fjölda nefndastarfa sem stjórnarmenn sinna en þó er ekki greidd þóknun fyrir setu í fleiri en tveimur nefndum

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.



7. Tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar bankans um að aðalfundur samþykki starfskjarastefnu bankans með tillögum til breytinga sem lágu fyrir fundinum.

Jafnframt greindi fundarstjóri frá breytingartillögu stjórnar á fyrirliggjandi tillögu stjórnar fyrir fundinn, í kjölfar ábendingar frá hluthöfum. Var lagt til að breytingar verði gerðar á 2. mgr. 8. gr. samkvæmt tillögu stjórnar sem miða að því að færa orðalag til samræmis við yfirlýst markmið bankans um forystu á sviði góðra stjórnarháttanna og sjálfbærni.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fyrst var breytingartillaga stjórnar á upprunalegri tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

Þá var upprunaleg tillaga stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á starfskjarastefnu bankans borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

8. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki lækkun hlutafjár með ógildingu á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins:

Aðalfundur Íslandsbanka hf., haldinn þann 31. mars 2025, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 597.646.150 kr. að nafnverði, eða sem nemur 119.529.230 hlutum, úr 10.000.000.000 kr. í 9.402.353.850 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með ógildingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum viðeigandi skilyrðum laga.

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykktu félagsins þannig að verði hún samþykkt verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 9.402.353.850 krónur – níu milljarðar, fjögur hundruð og tvær milljónir, þrjú hundruð fimmtíu og þrjú þúsund, átta hundruð og fimmtíu krónur. Hlutafé skiptist í 1.880.470.770 hluti hver að nafnverði fimm (5) krónur. Hlutafé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár. The share capital of the Company amounts to ISK 9,402,353,850 – nine billion, four hundred two million, three hundred fifty-three thousand, eight hundred fifty Icelandic Krónur. The share capital is divided into 1,880,470,770 shares of ISK five (5) in nominal value. All of the Company's share capital is in a single class.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillaga stjórnar um að aðalfundur samþykki lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

9. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum:



Aðalfundur Íslandsbanka hf. haldinn 31. mars 2025 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá aðalfundardegi árið 2025. Aðrar heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.

The Annual General Meeting of Íslandsbanki hf. held on 31 March 2025 authorises the Board of Directors, based on Article 55 of the Company Act no. 2/1995, to acquire on behalf of the Bank up to 10% of issued share capital of the Bank. The authorisation shall be used to set up a formal share repurchase program or for the purpose of offering shareholders generally to sell their shares to the Bank e.g., through auction where equal treatment of shareholders is ensured. The repurchase of shares under this authorisation is conditional upon the prior approval of the Financial Supervisory Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with Article 77 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR).

This authorisation shall remain in effect for 18 months after the Bank's Annual General Meeting in 2025. Older authorisations to purchase own shares are cancelled with the approval of this authorisation. Such cancellation shall, however, not affect any repurchase transactions initiated and published prior to that date.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

10. Ákvörðun um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu stjórnar bankans um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans:

Stjórn leggur til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði kr. 197.000 fyrir hvern setinn fund nefndarinnar, þó samtals að hámarki kr. 1.573.000 fyrir undirbúning hvers stjórnarkjörs. Þóknun til varamanns skal að lágmarki nema kr. 394.000 fyrir starfsárið og kr. 197.000 fyrir hvern setinn fund með sama hámarki og á við um aðalmenn.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

11. Kosning tveggja nefndarmanna og eins varamanns í tilnefningarnefnd bankans



Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu um að aðalfundur kjósi tvo nefndarmenn og einn varamann í tilnefningarnefnd bankans.

Eftirtaldir aðilar voru í framboði til kjörs í tilnefningarnefnd bankans sem aðalmenn:

- Helga Valfells
- Hilmar Garðar Hjaltason

Eftirtaldir aðilar voru í framboði til kjörs í tilnefningarnefnd bankans sem varamenn:

- Anna Rut Þráinsdóttir

Fundarstjóri greindi frá því að þar sem ekki hafa komið fram önnur framboð teljist þessir aðilar réttkjörnir sem nefndarmenn í tilnefningarnefnd bankans og varamaður í tilnefningarnefnd.

12. Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans

Fundarstjóri bar upp svofellda tillögu um kosningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans:

Stjórn leggur til að aðalfundur Íslandsbanka kjósi Pál Grétar Steingrímsson, löggiltan endurskoðanda, sem utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd bankans.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með tilhlýðilegum meirihluta.

13. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð eftir fundinn enda verði fundargerðin birt á heimasíðu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:11.

Fundarstjóri

Fundarritari

Áslaug Árnadóttir hrl.

Dagmar Clausen Þórðardóttir